

Reykjavíkurborg, þangað til lánið er borgað svo niður, að fasteignatryggingin fullnægi ákvæðum 3. gr. laganna að dómi stjórnar byggingarsjóðs. 60
28. jan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 32 19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörliki o. fl.

61
28. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

6. gr. laganna orðist svo:

Allt smjörliki, sem framleitt er hér á landi, skal bæta með A- og D-fjörefnum á þann hátt, sem fyrir verður mælt af ráðherra, að fengnum tillögum rannsóknarstofu háskólans, og ekki á annan hátt.

Atvinnumálaráðherra getur, eftir tillögum mjólkursölunefndar, ákveðið, að í öllu smjörliki, sem framleitt er hér á landi, sé tiltekinn hundraðshluti af íslenzku smjöri. Skytt er að blanda erlent smjörliki, sem selt er hér á landi, sama hundraðshluta af íslenzku smjöri og ákveðið er um innlent smjörliki á sama tíma. Skal sú blöndun fara fram hér á landi og undir sama eftirliti sem íslenzku smjörlikisgerðirnar eru háðar. Áður en ráðherra hefir fyrirskipað með auglýsingu um blöndun smjörlikis með smjöri, má ekki verzla með smjörliki blandað smjöri, og eftir að slík auglýsing hefir verið birt, má ekki verzla með smjörliki blandað smjöri í öðrum hlutföllum né á annan hátt en fyrir er mælt í auglýsingu.

61 Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmdir ákvæða þess-
28. jan. arar greinar, eftir því sem þurfa þykir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

62
28. jan.

L Ö G

um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi 6 farþega, nema hafa fengið til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni. Þó er póstmálastjórninni heimilt að nota eigin bifreiðar á þeim leiðum, er henni þykir henta, enda fullnægi bifreiðar hennar settum reglum fyrir sérleyfishafa.

Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga endrum og sinnum með bifreiðum, sem skráðar eru til vöruflutninga, né bifreiðum, er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma fleiri en 6 farþega, enda sé umbúnaður þeirra, til öryggis og þæginda farþegum, samkvæmt reglum, er ráðherra setur, og hafi bifreiðarstjóri þeirra rétt til að stýra leigubifreið til fólksflutninga.

2. gr.

Póstmálastjórnin hefir með höndum, í samráði við vegamálastjórnina, yfir-
stjórn og eftirlit með fólksflutningum í bifreiðum þeim, sem sérleyfi þarf fyrir.

3. gr.

Sérleyfishafar eiga rétt á að kjósa þrjá menn í nefnd, samkvæmt reglum, er atvinnumálaráðherra setur, er gerir tillögur til póstmálastjórnarinnar um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum.